



SÝSLUMAÐURINN Á ÓLAFSFIRÐI

Ólafsvogi 3 - 625 Ólafsfirði - Kennitala 490169-3699 - Sími: 466 2223 Fax: 466 2602

Alþingi

Erindi nr. **P 128/729**

komudagur 17.1.2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn:

Efni: Frumvarp til laga um almannavarnir ofl. 464. mál.

Athugasemd við 3. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 7. gr., sbr. 4.gr. laga nr. 85/1985 orðast svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi, enda eigi þeir sæti í almannavarnanefndum sem sveitarstjórnir skipa, sbr. 8. gr.

Athugasemd við 4. gr. frumvarpsins.

8. gr. laganna orðast svo:

1. mgr. óbreytt..

2. mgr.

Almannavarnarnefnd skal auk lögreglustjóra skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartækniþræðingi, héraðs-eða heilsugæslulækni, slökkviliðsstjóra og tveimur eða fleiri mönnum sem bæjarstjórn velur. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitastjórnir ákveða um ráðningu starfsmanna almannavarnanefnda og standa undir kostnaði af starfi þeirra.

Skýringar með breytingu á 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir að almannavarnanefnd skuli auk lögreglustjóra skipuð lykilmönnum..... Lögbundið er skv. 2. mgr. 8. gr. að lögreglustjóri sitji í almannavarnanefnd. Er því ekki samræmi á milli 3. gr. frumvarpsins og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins þar sem annars vegar er gert ráð fyrir því að lögreglustjórar skuli starfa með almannavarnanefnd svo og hinsvegar að þeir skuli sitja í almannavarnanefnd.

Skýringar með breytingu á 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Fjárhagur sveitarfélaga er misgóður. Algengt er að sveitarfélög á hættusvæðum séu lítil, hafi litlar tekjur og fjárhagsstaða þeirra því oft slæm. Gætu þau við núverandi orðalag frumvarpsins freistast til að hafa almannavarnanefnd skipaða 3 mönnum í



SÝSLUMAÐURINN Á ÓLAFSFIRÐI

Ólafsvogi 3 - 625 Ólafsfirði - Kennitala 490169-3699 - Sími: 466 2223 - Fax: 466 2602

sparnaðarskyni í skjóli þess að komi til aðgerða muni nefndin setja á laggirnar aðgerðarstjórn sem skipuð yrði þeim lykilmönnum er að almannavörnum ættu að koma. Við slíkar aðstæður er hætt á að þeir menn sem að stjórnun koma, séu ekki vel þjálfaðir eða upplýstir um framkvæmdaáætlun og gæti því dýrmætur tími farið í upplýsingar, kennslu og fl. til nýrra manna sem hefðu ekki komið að nefndarstörfum. Auk þess væri ekki tryggt að samræmi væri í uppbyggingu almannavarnanefnda milli sveitarfélaga. Slíkt gæti skapað vanda við samræmingu hjá Ríkislögreglustjóra þurfi tvær nefndir eða fleiri að starfa saman.

Sé lögákveðið hverjir skulu sitja í almannavarnanefnd mun það tryggja frekar samræmdar aðgerðir og öruggara upplýsingaflæði til lykilmanna er að almannavörnum koma.

Sýslumaðurinn í Ólafsfirði,
15. janúar 2003


Ástríður Grímsdóttir

